



SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐUR

Kt. 560269-4559 – Sími: 470 2300 – Fax: 472 1588

Pósthólf 15 – Hafnargata 44 – 710 Seyðisfjörður

Netfang: sfk@sfk.is – Veffang: www.seydisfjordur.is

Reglur um afslátt af fasteignaskatti hjá Seyðisfjarðarkaupstað árið 2016.

1.gr.

Tekjulágum eftirlauna- og örorkulífeyrisþegum sem eiga lögheimili á Seyðisfirði er veittur afsláttur af fasteignaskatti af samþykktu íbúðarhúsnæði, samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Seyðisfjarðar ár hvert og reglum þessum, sbr. heimild í 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

2.gr.

Rétt til afsláttar eiga íbúðareigendur á Seyðisfirði sem búa í eign íbúð og:
eru 67 ára við upphaf álagningarárs, eða eldri.

hafa verið úrskurðaðir 75% öryrkjar fyrir upphaf álagningarárs samkvæmt vottorði.

hafa ekki leigutekjur af viðkomandi húsnæði.

hafa ekki fullvinnandi einstakling/einstaklinga, aðra en maka búsetta á heimilinu.

hafa skilað inn með umsókninni staðfestu afriti af skattframtali síðast liðins árs ásamt yfirliti yfir fjármagnstekjur sama árs.

3.gr.

Hjón og samskattað sambýlisfólk fær fullan afslátt þó að einungis annar aðilinn uppfylli skilyrði 2.gr.

Ef um fleiri en einn íbúðareiganda er að ræða að sömu eign, sem ekki uppfylla skilyrði 1.mgr., er veittur afsláttur til þeirra sem uppfylla skilyrði 2. gr., í samræmi við eignarhluta þeirra.

4.gr.

Afsláttur af fasteignaskatti er tekjutengdur og er allt að kr. 63.500.

Afsláttur er hlutfallslegur að teknu tilliti til allra skattskyldra tekna, þ.m.t. eignatekna og 50% fjármagnstekna síðast liðins árs, samkvæmt skattframtali.

Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambýlisfólks (tekjur í reitum 2.7 og 3.10 á skattframtali).

5.gr.

Tekjumörk eru sem hér segir:

Einstaklingar:

Fullur afsláttur skv. 4. gr. með tekjur allt að kr. 2.413.000

Engan afslátt með tekjur yfir kr. 3.167.000.

Hjón og samskattað sambýlisfólk:

Fullur afsláttur skv. 4 gr. með tekjur allt að kr. 3.395.000

Engan afslátt með tekjur yfir kr. 4.300.000.

Ef tekjur eru á framangreindu bili er veittur hlutfallslegur afsláttur.

6.gr.

Sækja skal um afslátt af fasteignaskatti á eyðublöðum frá Seyðisfjarðarkaupstað. Hægt er að sækja umsóknareyðublöð á heimasíðu kaupstaðarins www.sfk.is. Með umsókn skal skila afriti af skattframtali vegna síðast liðins árs, staðfestu af skattstjóra, með útfylltu yfirliti fyrir fjármagnstekjur. Einnig afriti af örorkuskírteini ef umsækjandi er 75% öryrki.

7. gr.

Bæjarstjórn Seyðisfjarðar endurskoðar reglurnar tímanlega fyrir álagningu hvers árs.

Samþykkt af bæjarstjórn 3. febrúar 2016.